

## KIRKJUGARÐARÁÐ

183. fundur haldinn fimmtudaginn 7. apríl 2022

Fundurinn er haldinn í þjónustuhúsi Garðakirkjugarðs á Álftanesi.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands og Agnes Sigurðardóttir, varamaður Kristínar Huldar Sigurðardóttur í kirkjugarðaráði. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason, verkefnisstjóri,

Eftirfarandi boðuðu forföll: Smári Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjupings, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.

### **Gestir fundarins:**

#### Frá Garðasókn:

Magnús E. Kristjánsson, formaður sóknarnefndar, Sturla Þorsteinsson, gjaldkeri Össur Stefánsson, sóknarnefndarmaður og form. vinnuhóps kirkjugarðsins, Ólafur Sæmundsson, Össur Stefánsson, sóknarnefndarmaður og í vinnuhóp kirkjugarðsins, Skúli Gunnar Böðvarsson, sóknarnefndarmaður og í vinnuhóp kirkjugarðsins, Kjartan Antonsson, grafari og umsjónarmaður kirkjugarðsins og Leópolð Sveinsson, framkvæmdastjóri sóknarinnar

#### Frá Bessastaðasókn:

Sr. Hans Guðberg Alfredsson, prófastur Garðaprestakalls og Andrés Sigurðsson, formaður sóknarnefndar

Fundur settur var settur kl. 13:00.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram.
2. Garðakirkjugarður – kynning á framkvæmdum og rekstri kirkjugarðsins.
3. Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands
4. Næsti fundur.
5. Önnur mál.

Liðum 1, 3, 4 og 5 var frestað til næsta fundar en tekinn fyrir 2. liður á dagskrá:

2. Garðakirkjugarður – kynning á framkvæmdum og rekstri kirkjugarðsins.

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, stýrði fundi.

Guðmundur Rafn setti fund og bauð alla viðstadda velkomna. Hann kvað fund þennan vera haldinn til að ræða fjárhagsstöðu kirkjugarðsins sem er ekki góð og nauðsynlegt að ræða hvernig koma megi henni í gott horf. Taprekstur hafi verið hjá garðinum undanfarin ár.

Í því sambandi benti Guðmundur á að rétt væri að garðurinn fengi sérstaka kennitölu sem aðgreindi hann frá sókninni og stofna sérstaka kirkjugarðstjórn vegna garðsins. Fram kom að sóknarsjóður hefur lagt garðinum til fjármuni á undanförunum árum en sóknamefnd hefur mikinn áhuga á að halda garðinum vel hirtum og fallegum. Skuld hefur því myndast við sóknarsjóðinn sem hefur þó farið lækkanði á síðustu árum. Hugsanlega mætti gera þriggja ára áætlun um greiðslu við sóknarsjóðinn og reyna þá að núllstillja fjárhagsstöðu kirkjugarðsins. Ljóst er að sveitarfélagið þarf að koma að því ef það á að takast.

Formaður sóknamefndar upplýsti að nú væri verið að vinna að því að garðurinn fengi kennitölu. Nauðsynlegt er að aðgreina garðinn frá sókninni og gera rekstur kirkjugarðsins sjálfstæðan með sérstakri kirkjugarðsstjórn þannig að klippt sé á öll fjárhagsleg tengsl garðs og kirkju. Kirkjugarðar eru sjálfseignastofnanir með sérstakri stjórn en víða tíðkast að sóknamefnd starfi sem kirkjugarðsstjórn eða að sóknamefndarfolk sé kosið í stjórn kirkjugarðsins. Öll þessi formsatriði verða að vera í lagi.

Formaður sóknamefndar upplýsti einnig að ráðgert væri að halda borgarafund um framtíð kirkjugarðsins. Það væri ekki vilji hjá bæjaryfirvöldum að styrkja garðinn meira en lög gera ráð fyrir. Ekkert hafi verið lagt til að hálfu sveitarstjórnar í girðingar en slíkt sé þó lögboðið.

Fulltrúi Minjastofnunar benti á að búið er að staðfesta hjá Minjastofnun að Garðahverfi á Álftanesi sé verndarsvæði en markmið laga um verndarsvæði í byggð er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Þar með sé sveitarfélagið búið að skuldbinda sig til að viðhalda því svæði og þá spurning hvort hægt sé að tengja málefni kirkjugarðsins við þá skuldbindingu að einhverju leyti enda eru kirkjan og garðurinn hjartað í því skipulagi.

Fram kom að sú stækkun á garðinum sem nú er verið að vinna að verður sú síðasta, en samkvæmt aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir frekari stækkun á Garðakirkjugarði. Reikna má því með að á næstu árum verði fullgrafið í öll laus kistugrafarstæði en duftgrafarsvæðið kemur hins vegar til með að endast talsvert lengur. Í þessu sambandi var rætt um hvort nýta mætti hluta af gamla kirkjugarðinum í Görðum undir duftgrafir. Benti fulltrúi Minjastofnunar á að slíkt yrði að skoða út frá minjalögum og mundi stofnunin meta það ef kæmi fram beiðni um slíkt.

Sveitarfélagið hefur unnið deiliskipulag og þar með ákveðið að framtíðargrafreitir Garðabæjar verði norðan við Vífilstaðavatn í svokölluðum Rjúpnadal.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:20

---

Ragnhildur Benediktsdóttir, fundarritari.